

Skólaráð Naustaskóla

5. desember 2019

Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra: Anna Rósa Halldórsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Særún Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Sérfræðiþjónusta

Farið yfir skipulag og fyrirkomulag sérfræðiþjónustunnar sem skólinn hefur aðgang að og rætt um störf nemendaverndarráðs. Fram kemur að töluverð bið er eftir þjónustu sálfræðinga eða kennsluráðgjafa. Einnig komin upp sú staða innan skólans að námsráðgjafi er í veikindaleyfi út þetta skólaár. Vegna þessa er oft erfitt fyrir kennara og starfsfólk að fá þann stuðning sem það þarf til að koma til móts við nemendur.

2. Nemendaráð

Búið er að kjósa í ráðið sem fundar einu sinni í mánuði. Tveir fulltrúar nemenda úr nemendaráði eiga sæti í skóaráði.

3. Námsaðlögun

Nemendur vinna að sömu markmiðum en á mismunandi vegu og með mismunandi aðferðum. Tekið er mið af þörfum hvers og eins og þess gætt að nemendur séu ekki að vinna í námsefni sem hentar þeim ekki eða þeir ráða ekki við. Námsmat er notað sem leiðbeinandi fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgja eftir stöðu nemenda.

4. Önnur mál

Réttindaskóli Unicef er að fara af stað hjá okkur. Ráðið fundar tvisvar í mánuði en í ráðinu sitja nemendur og starfsfólk. Réttindaráðið fundar einu sinni í mánuði með fulltrúum réttindaráðs Giljaskóla. Einnig hittast þeir sem skipuleggja verkefnið innan skólans tvisvar í mánuði. Skrifað verður undir samninginn 12. desember og stefnst er að fá nafnbótina réttindaskóli haustið 2020.

Afmæli Naustaskóla tókst mjög vel og voru krakkarnir mjög ánægðir með pizzuna og skemmtiatriði dagsins. Margir mættu á opnið hús sem var kl. 15 - 17 gekk mjög vel. Góðar gjafir bárust skólanum í tilefni afmælisins. Við fengum sýndarveruleika gleraugu að gjöf frá öðrum grunnskólum í bænum og stefnum á að kaupa fleiri á nýju ári. Einnig fengum við peningagjöf frá 10. bekk sem útskrifaðist síðasta vor. Frá Naustatjörn barst 15000 króna inneign í A4. Foreldrafélagið studdi afmælisdagskrána myndarlega og borgaði skemmtiatriði og pizzu fyrir nemendur og erum við ákaflega þakklát fyrir þann stuðning.

Fundi slitið kl. 16:00 – fundargerð ritaði Aðalheiður Skúladóttir